

Foldaskóli 2025-2026 - 10. bekkur

Kennsluáætlun – Danska

Kennarar: Erla Sigurþórsdóttir - erla.sigurthorsdottir@rvkskolar.is

Karen Björk Guðjónsdóttir - karen.bjork.gudjonsdottir@rvkskolar.is

Námsefni: Ekko lesbók og Ekko vinnubækur A og B, smásögur/skáldsögur, málfræðiverkefni og annað ítarefni af netinu eða frá kennara auk danskra kvikmynda og þáttaraða. Heimasíða dönskukennara í Foldaskóla er með tenglum á flest allt námsefnið ásamt öðrum gagnlegum tenglum er að finna á þessari vefslóð:

<https://sites.google.com/gskolar.is/danska-foldaskoli/heim>

Nám og kennsla: Nám í dönsku byggir á færniþáttunum fjórum, lesskilning, hlustun, ritun og töluðu máli. Unnið er jafn og þétt með alla færniþætti og byggt ofan á þann orðaforða sem nemendur hafa á málinu en málfræði fléttuð inn í kennsluna. Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni, ýmist einstaklings-, para- eða hópaverkefni. Nýttir eru ýmsir miðlar í kennslu á netinu svo sem Classroom, quizlet.com og annað efni af netinu auk hefðbundinna námsleikja og hlutverkaleikja. Nemendur geta farið inn á Quizlet vef 10.bekkjar hér á þessari slóð:

<https://quizlet.com/join/erg6Z7Zs9> en þar er að finna glósur úr flestum síðum sem við vinnum með í námsbókunum.

Námsmat: Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011/2013). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í hæfnikorti nemenda. Í dönsku eru námsmatsverkefni fjölbreytt s.s. í formi prófa, kannana, ritunarverkefna, veggmyndagerðar, viðtala, umræðuþátta, samtala, kynninga, hlutverkaleikja og stuttmyndagerðar.

Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn og vinni þá heimavinnu sem lögð er fyrir hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta. Orðabækur eru aðgengilegar í skólanum, en æskilegt er að nemendur hafi aðgang að orðabókum heima. Ókeypis orðabók fyrir norðurlandamálín er að finna á þessum vef: <https://islex.arnastofnun.is/is/>. Gangi ykkur vel.

Hauströnn

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
• Lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt. • Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins • Tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.	Lota 1 – Skoleliv 8 (5 – 6 vikur) • <i>Lestur: Ekko</i> – lesbók valin verkefni úr fyrsta kafla bls. 3, 5, 6, 7, 9 og 12 ásamt verkefnum í vinnubók A og smásaga • Hlustun: Æfingar í Ekko. • Málfræði: Sagnorð og ýmsar aðrar æfingar • Talað mál: ýmsar talæfingar frá kennara	• Hópverkefni – nemendur taka viðtal/ gera umræðuþátt sem þeir taka upp og skila í gegnum Classroom. • Veggmynd sem er hópa/para verkefni. • Ritun í formi dagbókar inn á Classroom • Könnun úr smásögu • Könnun úr efni lotunnar

• Tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós. • leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín. • Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. • tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. • lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, • Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu. • hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.		
• skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. • án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. • tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. • hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær	Lota 2 – Sport og motion (6 – 7 vikur) • <i>Lestur: Ekko</i> – lesbók valin verkefni úr öðrum kafla bls. 14 – 16, 20, 22 – 23 og bls. 26 ásamt verkefnum í vinnubók. • Málfræði: Sagnorð og forsetningar • Hlustun: Æfingar í Ekko ásamt áhorfi á kvikmyndina „Drømmen“ • Talað mál: ýmsar talæfingar frá kennara	• Ritun um mynd á bls. 23 og bls.27 skilað á Classroom. • Ritgerð um Drømmen á íslensku. Skila á Classroom. • Kynning á áhugamáli, glærum skilað í gegnum Classroom. • Próf úr efni lotunnar bæði efni beint úr bók og efni sem byggir á orðaforða sem unnið hefur verið með en ekki textar beint úr bók.

sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. • aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu. • skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu. • lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt. • flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi. • tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum. • Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu.		
• skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. • leikið sér með málið og látið sköpunargáfunu og ímyndunaraflið njóta sín. • unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og	Lota 3 – Spis dig glad (5 – 6 vikur) • <i>Lestur: Ekko</i> – lesbók, valin verkefni úr þriðja kafla bls. 31 – 33. 36 – 37, 38 og 40 ásamt verkefnum í vinnubók og smásaga. • Málfræði: Sagnorð og forsetningar • Hlustun: Æfingar í Ekko ásamt danskri tónlist.	• Ritun bls. 39 í lesbók ásamt ljóði um mat (bls. 40) í lesbók. Skila í gegnum Classrrom • Menu, hópaverkefni – matseðill á skálduðu veitingahúsi og hlutverkaleikur þar sem nemendur þykjast vera ýmist þjónn eða gestur þar sem danska er töluð.

tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. • beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf. • tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.	• Talað mál: ýmsar talæfingar frá kennara	• Sjálfsmat/jafningjamat • Könnun úr skáldsögu/smásögu
---	---	---

Vorönn

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. • tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. • hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. • aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. • lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.	Lota 4 - Livstil (3 – 4 vikur) • <i>Lestur: Ekko</i> – lesbók bls. 46 – 47, 50, 52 – 53 og ítarefni • Málfræði: lýsingarorð • Hlustun: Æfingar í Ekko ásamt áhorfi á þættina „The rain“ . • Talað mál: ýmsar talæfingar frá kennara auk samtalsæfingu bls. 43 í lesbók.	• Stuttmynd að eigin vali á dönsku. Nemendur gera handrit og skila til kennara áður en tukur á stuttmynd hefjast og fá ábendingar um hvað megi betur fara. Nemendur taka upp og skila stuttmynd til kennara. • Ritun: bls. 47 og 53 í lesbók . • Nemendur ræða saman í litlum hópum og færa rök fyrir máli sínu.

• skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. • tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. • tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.		
• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra. • án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. • skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. • leikið sér með málið og látið sköpunargáfunu og ímyndunaraflið njóta sín. • tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. • Skilið texta sem unnið hefur verið með og tileinkað sér þann orðaforða sem textinn	Lota 5 - Kriminalitet (6 – 7 vikur) • <i>Lestur: Ekko</i> – lesbók bls. 54, 56 – 57, 60 – 61, 68, 70, smásaga og ítarefni • Málfræði: lýsingarorð og fornöfn • Hlustun: Æfingar í Ekko . Kvikmyndin „ Hævn“. • Talað mál: ýmsar talæfingar frá kennara	• Próf úr smásögu • Verkefni tengt áhorfi. • Ritun: bls. 57, 60 í lesbók skila í gegnum Classroom. • Próf úr efni lotunnar bæði efni beint úr bók og efni sem byggir á orðaforða sem unnið hefur verið með en ekki textar beint úr bók.

inniheldur og nýtt sér í verkefnavinnu. - hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. - aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. - lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.		
--	--	--